



Ábendingar landssamtakanna Geðhjálpar um stefnu í geðheilbrigðismálum til 2030

Mikilvægt að stefnan sé komin fram enda var síðasta stefna miðuð við árin 2016 til 2020. Geðhjálpar fagnar að hér sé komið ákveðið leiðarljósi til næstu átta ára.

Forvarnir

Gríðarlega mikilvægt að setja fókusinn á forvarnir – vera fyrir ofan fossinn í stað þess að vera fyrir neðan hann. Nær allt þúður heilbrigðiskerfisins í dag fer í afleiðingar í stað orsaka. Kerfið er einkennamiðað og því þarf að breyta. Geðhjálpar setti fram 9 aðgerða lista um það hvað þurfi að gera til þess að setja geðheilsu í forngang. Þar eru orsakabættir leiðarstef. Hér þarf að horfa til meðgöngu, frumbersku, leikskólans og grunnskólans alveg sérstaklega. Hafa fyrstu 1.000 dagana og rannsóknir tengda þeim í forgangi án þess að gefa neinn afslátt á forvörnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Notendafulltrúar

Þegar talað er um að þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki er mikilvægt að ráða inn fólk með notendareynslu eins og þekkt í löndunum í kringum okkur. Þarna liggja mikil tækifæri. Setja upp nám fyrir þessa notendafulltrúa – sækja fyrirmynd til t.d. Noregs. Þetta er ekki í skrifað í áætlunina en ætti að setja inn.

Notendasamráð

Notendasamráð á að vera leiðarstef í öllu þegar kemur að málaflöknum: „Ekkert um okkur án okkar“. Það voru vonbrigði hvernig þingið afgreiddi ábendingar hagsmunasamtaka notenda varðandi frumvarp um stjórn Landspítalans. Í þeirri afgreiðslu kom glögglega fram hve stutt við erum komin í hugmyndafræðinni. Það vekur ekki bjartsýni okkar að raddir notenda séu settar skör lægri en raddir fagaðila. Notendasamráð á ekki aðeins að vera orð á blaði það þarf að vera grunnur málaflökksins.

Geðráð

Í greinargerðinni með frumvarpinu er fjallað um stofnun Geðráðs þar sem stjórnvöld, fagfólk, notendur og aðstandendur komi saman og fjalli um málaflökinn. Geðhjálpar hefur lengi talað fyrir stofnun Geðráðs og leggur áherslu á að ráðið verði í stofnun þess sem fyrst. Viðvörunarbjöllur heyrast víða og ljóst að mörg verkefni bíða og í tengslum við þetta Geðráð þarf að taka upp mælaborð geðheilsu.

Aðgerðaráætlun og fjármögnun

Allt stendur þetta og fellur með aðgerðaráætlun og fjármagni. Reynslan af geðheilbrigðisáætluninni fyrir árin 2016 til 2020 staðfestir þetta. Þær aðgerðir sem voru fjármagnaðar var ráðist í en aðrar ekki. Það kom fram í úttekt RND að heildarframlag til geðheilbrigðismála er aðeins 4,6% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála. Umfang málaflökksins er hins vegar 20-30%. Vanfjármögnun málaflökksins til áratuga verður ekki leyst á einum degi eða á einu þingi en það þarf að hefjast handa við að vinda ofan af þessari stöðu og rétta af kúrsinn.

Stjórn Geðhjálpar